

Vatnajökulsþjóðgarður
Fundur svæðisráðs Norðursvæðis, Laugum í Reykjadal
19. janúar 2016

Mætt: Arnheiður Jóhannsdóttir, Böðvar Pétursson, Grétar Ingvarsson, Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Óli Halldórsson, Ásvaldur Þormóðsson. Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður.

Fundur hófst kl. 14:10

1. Erindi frá Heimöx

Fyrir liggur erindi frá Heimöx þar sem óskað er upplýsinga um framvindu deiliskipulags við Ásbyrgi og ennfremur óskað eftir nýrri staðsetningu fyrir handverkshús Heimöx, nær Gljúfrastofu annað hvort að austan eða vestan.

Sigprúður Stella vék af fundi við umfjöllun um þetta mál.

Vinna stendur yfir við deiliskipulagsgerð og hefur svæðisráð gert ráð fyrir aðstöðu fyrir torgsölu og jafnvel varanlegri aðstöðu fyrir ferðaþjónustuaðila í nágrenni við Gljúfrastofu. Þjóðgarðsvörður upplýsir forsvarsfólk Heimöx um þetta.

2. Breytingar á lögum um VÞJ

Rætt um fyrirliggjandi lagafrumvarp um Vatnajökulsþjóðgarð.

Svæðisráð Norðursvæðis tekur undir fram komnar athugasemdir frá svæðisráði Vestursvæðis til stjórnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð.

Með þeim drögum sem fyrir liggja er vægi miðstýringarinnar aukið og þar með dregið úr mögulegum áhrifum svæðisráðs og heimamanna í ákvarðanatöku um þjóðgarðinn og málefni er hann snerta. Þá telur svæðisráð ekki ástæðu til þess að fella ákvæði um tvo þjóðgarðsverði á Norðursvæði út. Vísað er til fundarbókunar svæðisráðs þar um frá 14. des. 2014: "Að nú þegar verði virkjað ákvæði í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð um tvo þjóðgarðsverði á norðursvæði þjóðgarðsins. Einn fyrir Jökulsárgljúfur og annar fyrir hálendið."

3. Starf þjóðgarðsvarðar Norðursvæðis

Fyrir liggur uppsagnarbréf þjóðgarðsvarðar, Hjörleifs Finnssonar.

Hjörleifur gerði grein fyrir forsendum uppsagnar, sem eru fyrst og fremst persónulegar aðstæður og þakkaði svæðisráði samstarfið.

Svæðisráð þakkar Hjörleifi kærlega fyrir samstarfið og vel unnin störf fyrir þjóðgarðinn á liðnum árum og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Hjörleifur Finnsson vék af fundi kl. 15:20.

Svæðisráð leggur til við stjórn að nú þegar verði virkjað ákvæði í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð um tvo þjóðgarðsverði á norðursvæði þjóðgarðsins. Einn fyrir Jökulsárgljúfur og annar fyrir hálendið. Þetta er lagt til vegna fyrirsjáanlegra aukinna verkefna á hálendinu m.a. vegna eldgossins í Holuhrauni, kynningarmála og ekki síður vaxandi verkefna í Jökulsárgljúfrum. Einnig í ljósi þess að svæðið við Öxarfjörð hefur verið skilgreint sem brothætt byggð og því afar mikilvægt að efla starfsemi á því svæði og samstarf við íbúa í nærsamfélaginu. Fulltrúa Norðursvæðis í stjórn falið að koma málinu inn á næsta stjórnarfund Vatnajökulsþjóðgarðs til umfjöllunar.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 16:00